



6.12.6. gr. byggingarreglugerðar, nr. 112/2012, sbr. rgl. nr. 1173/2012

Lög um mannvirki, nr. 160/2010

## Sorpgeymslur og sorpflokkun

### Í grein 6.12.6 í byggingarreglugerð segir:

„Í eða við allar byggingar skal vera aðstaða til flokkunar og geymslu sorps.

Sorpgeymslur geta ýmist verið innbyggðar í byggingu eða í tengslum við hana eða sem sorpgerði/sorpskýli á lóð.

Sorpgeymslum skal þannig komið fyrir að auðvelt sé að komast að þeim með þau tæki, sem notuð eru við sorphirðu.

Hverri íbúð og hverjum eignarhluta í öðrum byggingum skal fylgja aðgangur að sorpgeymslu og fullnægjandi fjöldi og gerð sorpíláta. Að lágmarki skal þó miðað við að sorpgeymsla fyrir sérbýlishús rúmi þrjú sorpílát.

Hindrunarlaus hæð fyrir sorpílát skal vera minnst 1,40 m og miða skal við að grunnflötur hvers sorpíláts sé u.p.b. 0,8 m x 0,8 m, nema viðkomandi sveitarfélag geri aðrar kröfur um stærð íláta.

Fyrir aðrar byggingar en íbúðarhús skal meta stærð og fjölda sorpíláta og sorpgeymslna út frá starfsemi og kröfum viðkomandi sveitarfélags.


Þar sem talin er þörf á sérstökum sorpgámum, skal staðsetning, stærð og frágangur þeirra sýndur sérstaklega á aðaluppráttum.

Gerð sorpíláta er háð samþykki heilbrigðisnefndar.

Ekki er heimilt að hafa sorprennur í byggingum.“

### Leiðbeiningar

Í 5. mgr. 6.11.7 gr. segir: „Hindrunarlaus hæð fyrir sorpílát skal vera minnst 1,40 m og miða skal við að grunnflötur hvers sorpíláts sé u.p.b. 0,8 m x 0,8 m, nema viðkomandi sveitarfélag geri aðrar kröfur um stærð íláta.“



Mynd 1. Sorpgeymslur, öll mál í mm